

Sjötti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 19. júní 2025, klukkan 17:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð. Þróstur Aðalbjarnarson boðaði forföll með skömmum fyrirvara.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verður það mál nr. 2 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Samkomulag um sveitarfélagamörk/landamerki/hnitpunktar milli jarðanna Mels/Borgarholts, Stakkhamars og Hofstaða

Undirritað samkomulag um sveitarfélagamörk/landamerki/hnitpunktar milli jarðanna Mels/Borgarholts, Stakkhamars og Hofstaða, dagsett 2.5.2025, lagt fyrir fundinn.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlögð landamerki.

2. Rafrænar undirritanir
Oddviti leggur til að teknar verði upp rafrænar undirritanir fundargerða sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða. Oddviti falið að koma málinu í farveg.

3. Sumarleyfi sveitarstjórnar
Oddviti leggur til að skrifstofu sveitarfélagsins verði lokað vegna sumarleyfis 14. júlí – 8. ágúst n.k.

Samþykkt samhljóða. Oddviti falið að auglýsa lokunina.

4. Girðingamál
Ástand girðinga innan sveitarfélagsins rædd. Annars vegar girðinga sem að liggja með vegi 54 og á Vatnaleið og hins vegar sauðfjárveikivargirðingar innan sveitarfélagsins.

Samþykkt að oddviti verði falið að vinna málið áfram með Vegagerðinni, landeigendum og Matvælastofnun.

5. Fundargerð 48. fundar Skipulags- og byggingarnefndar
Frestað til næsta fundar.
6. Fundargerð 980. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fundargerð lögð fram til kynningar.
7. Fundargerð 195. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin, samþykkt og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 17:50.

Undirritunarsíða

Herdís Þórðardóttir

Veronika G Sigurvinsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Sigurbjörg Ellen Ottesen